



Reykjavík, 27. júní 2024
USK24050126
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 27.6.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Laugavegur, Bolholt, Skipholt - breyting á deiliskipulagi - synjun - Laugavegur 176 - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. júní 2024, sbr. synjun umhverfis- og skipulagsráðs frá 19. júní 2024 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugavegar, Bolholts, Skipholts vegna lóðarinnar nr. 176 við Laugaveg, ásamt fylgiskjölum.

Synjun umhverfis- og skipulagsráðs er staðfest með fimm atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Málið er fullnaðarafgreitt á vettvangi borgarráðs með vísan til heimilda í 4. mgr. 8. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar,

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hefðu talið rétt að samþykkja umsókn Reita, þar sem kallað var eftir 2,5% auknu byggingarmagni. Í umsókn Reita kemur fram að fjölgun stærri herbergja á hótelinu myndi styðja við áform Reita og Hyatt um að setja hótelið í hærra gæðaflokk en skortur er á slíku gístiframboði á höfuðborgarsvæðinu. Hærra gæðastig styður jafnframt við stefnu stjórnvalda og Reykjavíkurborgar um að laða að betur borgandi ferðamenn og ráðstefnugesti. Telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks sérkennilegt að borgaryfirvöld vinni ekki með uppbyggingaraðilum og hótélrekendum að því að fjölga slíku gístiframboði í Reykjavík.

Helga Björk Laxdal
e.u.